

Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þóra Jónasdóttir	Dagsetning:	12. febrúar 2025
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	14:00 – 15:15

Þátttakendur: Þóra Jónasdóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Sigríður Björnsdóttir, Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Emma Björg Eyjólfsdóttir (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) og Hilmar Vilberg Gylfason, (f.h. Bændasamtaka Íslands).
Áheyrnarfulltrúar: Andrés Ingi Jónsson (varamaður f.h. Dýraverndarsambands Íslands).

Dagskrá

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

- a. **Titill umsóknar:** „Er hægt nota ofnæmisvaka tengda á örkúlur til að stýra ónæmisvari hesta til varnar sumarexemi?“

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur sérgreinadýralækni á umsókninni.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

Anna Berg Samúelsdóttir fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

Sigríður Björnsdóttir vék að fundi að lokinni afgreiðslu málsins.

2. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.

Málið er í vinnslu. Nefndarmenn óska eftir að sérgreinadýralæknir sauðfjár og fagsviðsstjóri slátrunar hjá Matvælastofnun, sem og sérfræðingar RML og formaður sauðfjárbænda komi fyrir ráðið til að fá nánari upplýsingar og umræður um umfang vandans og hugsanlegar leiðir til úrbóta.

Fagráðið hefur sérstaklega í huga í fjárréttir þar sem mikill fjöldi fólks kemur saman til að fylgjast með og taka þátt í fjárragi. oft á tíðum án þess að hafa til þekkingu eða reynslu til slíkra verka.

3. Dagskrá næsta fundar.

- a. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna.
b. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.
c. Lausaganga búfjár og umferð.
d. Vinnureglur fyrir Fagráð um velferð dýra.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:15. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður haldinn fimmtudaginn 27. mars 2025, kl. 13:00.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.